

„Mig langar til að taka þátt í kristilegri starfsemi. Hvað er til handa mér að gjöra?“

„Hvenær ferðu á fætur?“—spurði eg. — „Hálf sjö“ — svaraði hann.

„Hvenær borðarðu morgunmatinn þinn?“ — „Kl. sjö.“

„Hvað gerirðu svo?“ — „Eg fer til vinnu minnar.“

„Hvað lengi vinnurðu á daginn?“ — „Þangað til klukkan er hálf sex eða sex, og stundum lengur.“

„Hvað gerirðu þá?“ — „Eg borða kveldverðinn minn.“

„Þar næst?“ — „Les í dagblöðunum eða fer stundum á söngsamkomu eða til þess að hlýða á fyrirlestur eða í leikhúsið. Er annars helst til þreyttur til þess að gera nokkuð. Vanalega flækist eg heima.“

„Hvað gerirðu því næst?“ — „Fer að háttá.“

„Er þetta sýnishorn af vanalegu dagsverki þínu?“—„Já.“

„Ef eg nú gæfi þér eitthvert verk að vinna, sem þú álitur að heyrði til kristilegri starfsemi, hvaða tíma hefðir þú þá til þess að sinna því?“ — „Eg veit ekki.“

„Kristinn!“—sagði eg þá—, „guð virðist hafa sett þig í stöðu, sem útheimtir svo mikla vinnu af þér, að þér finst þú engan tíma hafa til þess að taka þátt í nokkurri kristilegri starfsemi. Og hið sama finst mér. Eg held ekki, að guð ætli til þess, að þú bætir neinni *kristindóms-vinnu* ofan á hvern-dags-byrði þína.“

Hann horfði á mig stundar-korn og sagði svo: „Eg held, að þetta sé satt.“ Stóð svo á fætur og ætlaði sér að fara.

„Kristinn! Bíddu ögn!“—sagði eg. — „Segðu mér: Éru fleiri menn í vinnu þar sem þú ert?“ — „Já, margir“—sagði hann.

„Heyrðu! Hvernig vinnurðu verkið þitt? Vinnurðu það eins vel eins og hinir, eða lélegar, eða betur?“

„O! Eg held eg geri það eins vel eins og nokkur þeirra.“

„Já, eg trúi því. En vita þeir, að þig langar til að taka þátt í einhverri kristilegri starfsemi?“ — „Nei! eg held ekki.“

„Sjáðu nú til, Kristinn! Hér er kristilegt starf handa þér. Byrjaðu á því strax á morgun. — Gerðu verkið þitt betur en þú hefur nokkurn tíma gert það áður. Taktu betur en áður eftir öllu því, sem þarf að gerast. Ef þér er hægt, þá réttu einhverjum hjálparhönd, sem er á eftir með verkið sitt. Láttu samverkamenn þína vita, að þú ert kristinn, ekki með því að tala um það, heldur með hegðan þinni allri. Láttu þá finna